

LÖG

um ættleiðingarstyrki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til fjárstyrkja úr ríkissjóði til kjörforeldra sem ættleitt hafa erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar. Lög þessi taka ekki til alþjóðlegra fjölskylduættleiðinga.

II. KAFLI

Stjórnsýsla.

2. gr.

Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn ættleiðingarstyrkja samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Framkvæmdaraðili.

Félagsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

Kostnaður vegna ættleiðingarstyrkja í lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

4. gr.

Kæruheimild.

Ákvörðun um synjun ættleiðingarstyrks og leiðréttingu á greiðslum skv. 8. gr. er heimilt að kæra til félagsmálaráðherra. Um kæru gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

III. KAFLI

Greiðsla ættleiðingarstyrks.

5. gr.

Greiðsla og skilyrði styrks.

Ættleiðingarstyrkur er eingreiðsla sem er greidd út samkvæmt umsókn kjörforeldra þegar erlent ættleiðing hefur verið staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi hefur verið gefið út hér í samræmi við ákvæði laga um ættleiðingar.

Kjörforeldrar sem hafa fengið útgefið forsamþykki í samræmi við lög um ættleiðingar eiga einir rétt á ættleiðingarstyrk. Þessi réttur er ekki framseljanlegur.

6. gr.

Umsókn um styrk.

Kjörforeldrar skulu sækja um ættleiðingarstyrk á þar til gerðum eyðublöðum. Sækja skal um styrk innan sex mánaða frá því að erlend ættleiðing er staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi gefið út hér í samræmi við lög um ættleiðingar. Réttur til ættleiðingarstyrks fellur niður að þessum tíma liðnum.

Ákveða skal með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur hvaða gögn skuli fylgja með umsókn um ættleiðingarstyrk.

7. gr.

Fjárhæð styrks.

Fjárhæð ættleiðingarstyrks nemur 480.000 kr. Fjárhæð styrksins skal endurskoðuð í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á tveggja ára fresti. Félagsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um endurskoðaða fjárhæð styrksins.

Ef kjörforeldrar hafa ættleitt fleiri en eitt barn samtímis er veittur styrkur vegna hvers barns umfram eitt sem nemur 20% af fjárhæð skv. 1. mgr.

8. gr.

Leiðrétting á greiðslum.

Hafi styrkþegi ranglega fengið ættleiðingarstyrk skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Reglugerð.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Rétt til styrks samkvæmt lögum þessum eiga kjörforeldrar barna sem ættleidd eru eftir gildistöku laganna.

Gjört á Bessastöðum, 15. desember 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Magnús Stefánsson.